

77.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 16.mars 2017 og hófst kl. 16.00.

Mætt: Hulda Elsa Björgvinsdóttir, Erla Kristín Árnadóttir og Gry Ek

Boðuð forföll: Alex Orrason, Róbert Kjara og Rósa Birgisdóttir

Fjarverandi: Þórunn Lilja Vilbergsdóttir.

María Guðsteinsdóttir sat fundinn.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar hefur verið samþykkt í tölvupósti og verður birt.  
**Gry** sér um það.
2. Dómaramál  
Upplýst var að Aron Teitsson hefur öðlast alþjóðadómarréttinda og fagnar stjórnin því.  
Dómaranefndinni hefur verið falið að ganga frá dómarskipun á árinu og hefur Róbert tekið að sér að búa til vettvang á netinu þar sem dómarrar geta skráð sig á mót.  
Málið hjá **Róbert**.
3. Nefndarskipan.  
Verið er að ganga frá nefndarskipan.  
Málið verður klárað sem allra fyrst.
4. Afreksmál.  
Vinnuhópur um endurskoðun á reglum afrekssjóðs hefur skilað skýrslu. Boðað hefur verið til vinnufundar sérsambanda um tillöguna laugardaginn 18.mars.  
Frá KRA mæta til vinnunnar Hulda Elsa, Erla Kristín og Ása Ólafsdóttir.  
Stjórnin er sammála þeirri hugmyndafræði að flokka samböndin eftir árangri og þátttöku á alþjóðamótum.
5. Afreksnefnd.  
Ákveðið var að stofna afreksnefnd KRA.  
Nefndinni er falið að fara yfir þau atriði sem einkenna afrekssambönd samkvæmt tillögu nefndarinnar og tryggja að KRA uppfylli þau og/eða gera aðgerðaráætlun til að svo verði sem fyrst. Skoða þarf afreksstefnu, samninga við fagteymi, starf verkefnastjóra/þjálfara landsliðs, fjármögnun afreksverkefna o.fl.  
Tillaga að nefndarskipan: Hulda, Gry, Jóhann Tómas, Erla Kristín

Fundi slitið 18.30

Fundarritari Gry Ek